

Leiðbeiningar um sýkingavarnir starfsfólks við sýnatöku fyrir komufarþega vegna COVID-19

Hlífðarbúnaður

- Þunnur hlífðarsloppur/svunta
- Hlífðargríma (þynnri gerð af skurðstofugrímum með teygju fyrir eyru)
- Hlífðargleraugu
- Andlitshlíf (glær hlíf sem hylur allt andlitið og niður fyrir höku)
- Einnota hanskar (úr nitril eða vinyl).

Nýr hlífðarbúnaður er geymdur í sérstöku rými. Þangað **má ekki fara í hlífðarbúnaði** sem búið er að nota. Ef eitthvað vantar þaðan verður að fara úr hlífðarbúnaði eða óska eftir aðstoð.

Að klæðast hlífðarbúnaði

Hlífðarbúnaður er notaður til að verja starfsfólk fyrir mögulegu smiti. Spritta hendur áður en farið er í hlífðarbúning.

1. Hlífðarsloppur
 - a. Heill að framan bundinn fyrir aftan háls og um mitti.
2. Hanskar
 - a. Setja hanska yfir ermar sloppsins, til þess að ermarnar fari ekki upp úr hönskunum er ágætt að gera gat með þumli eða litla fingri í gegnum sloppinn og setja fingurinn í það.
 - b. Sá sem tekur sýni þarf að skipta um hanska á milli sýnataka. Til að hlífa höndum við tíðri sprittun má nota tvöfalda hanska og skipta um ytri hanskana á milli sýnataka.
 - c. Skiptið um hanska ef þeir snerta óhreinan flöt.
 - d. Langar neglur og hringar á fingrum geta rifið hanska og því ekki æskilegt að vera með slíkt.
3. Andlitsvörn. Nota annað hvort andlitshlíf eða grímu og hlífðargleraugu. Mælt er með að nota grímu með andlitshlíf. Sjá nánar um meðferð á grímum hér á eftir.
4. Skipta þarf um hlífðarklæðnað eftir 4 klukkustundir að hámarki. Ef hlífðarbúnaður mengast, til dæmis ef hóstað er á hann eða slettist eitthvað á hann, þarf að skipta um hann.
5. Að vinnu lokinni eða fyrir vinnuhlé skal fara úr hlífðarbúnaði við vinnubásinn, henda honum í almennt rusl og spritta hendur.
6. Nota má andlitshlíf lengur en annan hlífðarbúnað en gæta þarf þess að spritta ytra byrði hennar eftir notkun og leggja hana frá sér á vinnubásnum þannig að ytra byrði snúi upp.
7. Þegar vinna hefst aftur er farið í nýjan hlífðarfátnað.



Grímur

1. Skoða grímuna til að vera viss um að hún sé ekki rifin eða götött.
2. Athuga hvernig gríman á að snúa, stífa röndin ofan á nefi og oftast litaða hliðin fram.
3. Setja grímuna á andlit. Klípa stífu (málm) rönd grímunnar svo hún lagi sig að nefbeini.
4. Toga neðri hluta grímunnar niður svo hún hylji munn og höku.
5. Eftir notkun, taka grímuna af með því að losa lykkjur fyrir aftan eyru og varist að hugsanlega menguð gríman snerti andlit, hendur eða klæði.
6. Henda grímunni í ruslaílát um leið og hún er tekin af.
7. Hreinsa hendur eftir að hafa snert grímu eða hent grímu í ruslaílát. Notað handspritt, eða ef hendur eru sýnilega óhreinar þvo þær með sápu og vatni.
8. Skipta þarf um grímu ef slettist á hana, hún tekin niður, snert með hönskum eða er orðin rök.

Sýnataka

- Tekið er nefkoks- og hálsstrok með þar til gerðum sýnatökupinum, einum fyrir hvort sýni sem fara svo saman í eitt merkt sýnatökuglas.
- Mikilvægt er að ná góðu sýni annars er hætta á að greining beri ekki árangur.
- Gott er að minna farþegana á að snýta sér, ef þeir þurfa, áður en nefkoksstrokið er tekið.

Hálsstrok

- Í hálsstroki skal strjúka vandlega yfir báða hálskirtla og afturvegg koks.
- Notað tunguspaða ef þörf er á.
- Setjið pinnann í sýnatökuglasið og brjótið ofan í glasinu.

Nefstrok

- Æskilegt er að einstaklingurinn slaki á og fyrir nefkoksstrok sveigi höfuðið aðeins aftur og halli upp að vegg, getur lokað augunum til að slaka betur á.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3

- Halda á pinnanum eins og penna, sjá mynd 1
- Þræða pinnann inn í aðra hvora nösina, sjá mynd 2, meðfram nefholsbotni alveg inn að botni ca. 5–6 cm, sjá mynd 3.
- Snúa pinnanum létt með því að velta á milli fingra þannig að hann snúist um sjálfan sig– ekki sveigja upp á við.
- Draga pinnann út og setja beint í sýnatökuglasið með pinnanum úr hálsstrokinu og brjóta.

Gengið frá sýni til sendingar

- Sá sem tók sýnin lokar sýnatökuglasinu tryggilega og lætur í plastpoka sem aðstoðarmaður heldur opnum. Gæta þess að sá sem tók sýnið snerti ekki pokann sem er hreinn.
- Aðstoðarmaður lokar pokanum vel og kemur sýninu fyrir í plastkassa við sýnatökubás.
- Senda skal sýni eins fljótt og kostur er á rannsóknarstofu.

Hrein/óhrein svæði

- Inni á básnum eru borðið og vagninn hrein svæði. Farþegar eiga ekki að snerta þau svæði.
- Á milli farþega þarf að spritta alla fleti sem viðkomandi farþegi snertir áður en næsti maður er kallaður inn. Sá sem tók sýnin sótthreinsar snertifleti ef á þarf að halda.
- Ef farþegi leggur persónulega muni á hrein svæðin þarf að spritta þau þegar hann er farinn.
- Reyna að stýra því hvar farþeginn leggur frá sér hluti t.d. á stólinn eða ofan í töskur eða vasa.
- Aðstoðarmanneskjan telst hrein en þeir sem taka sýni teljast óhrein og þurfa að skipta um hanska, en ekki þau sem aðstoða. Það flýtir ferlinu að skipta um hlutverk eftir hvern farþega.